

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 23. maí 2024 í máli nr. 18/2024

Kærunefndina skipa í þessu máli lögmenirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 1. febrúar 2024 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar („kvörtun“), frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings í viðskiptum við Y („varnaraðili“).

Af kvörtun sóknaraðila verður ráðið að hann sé ósáttur við að varnaraðili hafi krafist hann um greiðslu virðisaukaskatts af mánaðarlegum leigugreiðslum samkvæmt samningi aðila um bifreið í vetrarleigu.

II

Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Nefndin tekur ekki til meðferðar ágreining sem heyrir ekki undir gildissvið framangreindra laga.

Í kvörtun sóknaraðila kemur fram að hún lúti að samningi sem aðilar hafi gert í nóvember árið 2023 um leigu á bifreið í svokallaðri vetrarleigu. Að sögn sóknaraðila hafi varnaraðili síðan krafist greiðslu virðisaukaskatts af leigugjaldinu í janúar 2024. Sóknaraðili bendir á að ekkert komi fram í samningi aðila sem heimili varnaraðila framangreint.

Í 3. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa segir að kærunefndin geti óskað eftir því að málsaðilar leggi fram gögn í máli. Samkvæmt e. lið 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála getur kærunefnd vöru- og þjónustukaupa vísað máli frá þegar kvörtun er metin ótæk til meðferðar. Frávísun kvörtunar með vísan til framangreinds ákvæðis á við ef kvörtun er svo óljós, illa upplýst eða krafa aðila svo óskýr að mál sé ekki tækt til úrskurðar.

Með kvörtun sinni lagði sóknaraðili fram afrit af hluta leiguskiðmála varnaraðila. Þann 5. febrúar 2024 var óskað eftir því að sóknaraðili gerði tiltekna kröfu á hendur varnaraðila fyrir nefndinni. Þá var óskað eftir frekari gögnum til stuðnings kvörtuninni, eins og afrit af leigusamningi aðila, skriflegum samskiptum milli aðila, greiðsluseðlum ásamt staðfestingum á greiðslum sóknaraðila til varnaraðila. Viku síðar lagði sóknaraðili fram afrit af leigusamningi aðila. Varð sóknaraðili hvorki við beiðni kærunefndar um að skýra kröfugerð sína betur né um framlagningu annarra gagna en leigusamnings. Með tölvubréfum, dags. 13. febrúar og 21. mars 2024 var framangreind beiðni kærunefndarinnar ítrekuð. Sóknaraðili hefur ekki brugðist við erindum kærunefndarinnar.

Í málinu liggja t.a.m. ekki fyrir gögn sem staðfesta hverjar umkraðar leigugreiðslur voru fyrir og eftir áramótin 2023 eða atvik máls að öðru leyti. Kærunefndin telur sér ekki fært að kveða upp úrskurð um kröfur sóknaraðila á

grundvelli þeirra upplýsinga sem liggja fyrir í málinu. Þá telur kærunefndin að krafa sóknaraðila sé svo óljós að málið telst ekki tækt til úrskurðar. Verður því að vísa kröfu sóknaraðila frá kærunefnd vöru- og þjónustukaupa, sbr. e. lið 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála.

Kærunefndin bendir á að sóknaraðili getur óskað eftir því að málið verði tekið til meðferðar að nýju með framlagningu gagna til stuðnings kröfu sinni.

III

Úrskurðarorð

Kvörtun sóknaraðila, X, er vísað frá kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila, sbr. a. liður 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson